



Hafnarfjörður

Umboðsmaður alþingis
Þórshamri, Templarasundi 5
101 Reykjavík

Hafnarfjörður 9. september 2025
Málsnúmer 2402838

Viðbrögð Hafnarfjarðar við tilmælum við heimsóknarskýrslu embættis Umboðsmanns Alþingis í búsetuúrræði Klettabæjar ehf.

Vísað er til OPCAT skýrslu Umboðsmanns Alþingis, dags. 27. júní 2024. Í skýrslunni er óskað eftir upplýsingum um viðbrögð sveitarfélaga sem nýta vistunarúrræði Klettabæjar, þ.m.t. Hafnarfjarðarbæjar og að upplýst verði hvort tilmælin og ábendingarnar í skýrslunni leiði til aðgerða eða athafna og þá hverra, sem og um aðrar aðgerðir sem talin er ástæða til að fara í af þessu tilefni.

Á fjölskyldu- og barnamálasviði Hafnarfjarðar eru tvær deildir sem hafa börn í vistun í einkareknum úrræðum þar sem deildarstjórar fara með ábyrgð; deildarstjóri barnaverndar og deildarstjóri stuðnings- og stoðþjónustu.

Sveitarfélögin Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Garðabær og Seltjarnarnes hafa verið í samstarfi um innra eftirlit frá árinu 2014 með framkvæmd þjónustu við fatlað fólk á grundvelli 5. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (hér eftir lög um þjónustu við fatlað fólk). Sveitarfélögin hafa verið með samning við óháðan aðila (hér eftir eftirlitsaðili) um eftirlit sem einnig hefur komið að gerð kröfulýsinga með hliðsjón af frumvarpi því er varð að lögum um þjónustu við fatlað fólk. Í kröfulýsingu eru settar fram lágmarkskröfur sem gerðar eru til hvernar starfsemi fyrir sig s.s. ábyrgðar hlutaðeigandi aðila í þjónustu við notendur, inntak þjónustu og öryggisþætti.

Í mars 2024 fóru deildarstjóri þróunar- og rekstur í málaflokki fatlaðs fólks og eftirlitsaðili yfir inntak kröfulýsinga og þjónustu- og einstaklingssamninga með deildarstjórum og ráðgjöfum innan sviðsins sem koma að vistun barna í einkareknum úrræðum. Markmiðið var að allir ráðgjafar og deildarstjórar væru upplýstir um kröfulýsinguna við Klettabæ og þá verkferla sem vinna þarf eftir ef barn á að vistast þar. Sviðið á eftir að setja áætlun um það hver beri ábyrgð á að starfsfólk fái upprifjun á inntaki kröfulýsingar og að nýir starfsmenn fái kynningu. Er sú áætlun í vinnslu hjá sviðsstjóra fjölskyldu- og barnamálasviðs í samstarfi við mannauðsdeild sem sér um fræðsluefni fyrir nýja starfsmenn.

Um mitt ár 2024 lauk vinnu á fjölskyldu- og barnamálasviði Hafnarfjarðar við gerð kröfulýsinga um starfsemi Klettabæjar, gerð þjónustu- og einstaklingssamninga milli aðila. Drög voru lögð fram til kynningar á fundi fjölskylduráðs Hafnarfjarðar þann 5. mars 2024 um það leyti sem skýrsla Umboðsmanns Alþingis lá fyrir. Sveitarfélagið og eftirlitsaðili leiddu gerð kröfulýsinga sem fela í sér



Hafnarfjörður

samtal aðila, í þessu tilviki við forsvarsmenn Klettabæjar. Í sameiningu var farið yfir alla þætti í kröfúlýsingum sem og þjónustu- og einstaklingssamningum þannig að sameiginlegur skilningur aðila á inntaki næðist. Í þessari vinnu var skýrsla Umboðsmanns Alþingis höfð til hliðsjónar og horft sérstaklega til þeirra ábendinga og tilmæla sem þar komu fram.

Kröfúlýsingar Klettabæjar tóku gildi í ágúst 2024. Í kröfúlýsingu um framkvæmd þjónustu við börn og ungmenni kemur m.a. fram að úrræði Klettabæjar sé hluti sértækra húsnæðisúrræða fyrir börn með miklar þroska-/ geðraskanir og/eða eiga við alvarlegan fjölþættan vanda að stríða.

Í nóvember 2024 var tekið upp verklag hjá Hafnarfjarðarbæ á þá leið að þegar kemur til álita að vista barn í einkaúrræðum er boðað til fundar samráðshóps fjölskyldu- og barnamálsviðs. Deildarstjóri þeirrar deildar þar sem barn er í þjónustu boðar til fundar þar sem farið er yfir rökstuðning meðferðarfundar barnaverndarþjónustu eða stuðnings- og stoðþjónustu um að vista eigi barn í úrræði einkaaðila. Markmið er að tryggja samræmi á sviðinu þegar ákvarðanir um slíkar vistanir eru teknar, sameiginlega málsmeðferð og að það liggi fyrir á hvaða lagagrundvelli barn vistast í einkareknu úrræði. Í samráðshópnum sitja sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálsviðs, lögfræðingur velferðarþjónustu, deildarstjóri barnaverndar, deildarstjóri þróunar- og reksturs í málefnum fatlaðs fólks og deildarstjóri stuðnings- og stoðþjónustu. Fjölskyldu- og barnamálsvið hefur nú hafið vinnu við að greina málefni hvaða barna þarf að leggja fyrir sérfræðingateymi skv. 20. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk og munu mál allra barna sem til stendur að vista í einkareknum úrræðum verða lögð fyrir sérfræðingateymið meðal annars vegna samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um börn með fjölþættan vanda dagsett þann 19. mars 2025. Telur Hafnarfjarðarbær að með tilkomu samráðshópsins og því verklagi að leggja mál fyrir sérfræðingateymið, verði ávallt ljóst á grundvelli hvaða barna séu vistuð.

Ef vista á barn í Klettabæ á skv. kröfúlýsingum og verklagi að gera einstaklingssamning sem markaður er ákveðinn gildistími og eru kröfúlýsing og þjónustusamningur milli Klettabæjar og sveitarfélagsins fylgiskjal með þeim samningi. Í kröfúlýsingu er kveðið á um að við upphaf búsetu/þjónustu beri fjölskyldu- og barnamálasvið ábyrgð á að forsjáraðilar og eftir atvikum barn/ungmenni undirriti einstaklingssamning vegna búsetu/þjónustu. Í einstaklingssamningi er kveðið á um gildistíma samnings nema um ótímabundin samning sé að ræða og þá er allajafna þriggja mánaða uppsagnafrestur. Þó svo að einstaklingssamningur sé ótímabundinn er kveðið á um að Klettabær og Hafnarfjarðarbær skuli hafa reglulegt samráð um framgang einstaklingsáætlunar og annað sem máli skiptir við veitingu þjónustu að tilgreindum tíma liðnum, í samræmi við einstaklingsáætlun. Framangreindu er fylgt eftir með reglulegum samráðsfundum m.a. á grundvelli laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Fundinn sitja barn/ungmenni eftir því sem kostur er, forsjáraðilar, eftir atvikum persónulegur talsmaður og þeir sem koma að þjónustu við barnið. Málstjóri á fjölskyldu- og barnamálsviði hefur umsjón með gerð stuðningsáætlunar og að stýra stuðningsteymi. Málstjóri hefur einnig það hlutverk að tryggja að barn/ungmenni og forsjáraðili séu ávallt með í ráðum hvað varðar ákvarðanatöku um þjónustu. Málstjóri fær reglulega sent yfirlit yfir þjónustu Klettabæjar, að hámarki á fjögurra vikna fresti.



Hafnarfjörður

Sérstaklega er tiltekið í kröfúlýsingu að barn/ungmenni geta gert formlega athugasemd við eða lagt fram kvörtun yfir þjónustu sem veitt er hjá Klettabæ og starfsemi Klettabæjar. Starfsmenn skulu einnig geta borið fram formlega kvörtun eða gert athugasemdir. Skrá skal kvörtun og koma henni í viðeigandi farveg. Einnig skal upplýsa réttindagæslumanni fatlaðs fólks, eigi það við.

Málstjóri í máli barns á í reglulegum samskiptum við barn og forsjáraðila án þess að Klettabær komi þar einnig að máli. Á þeim vettvangi er m.a. farið yfir líðan ungmennis í vistuninni og þau markmið sem að er stefnt. Ávallt er unnið að því að traust ríki á milli málstjóra, ungmennis og forsjáraðila og að málstjóri sé til staðar fyrir ungmennið og forsjáraðila þess. Málstjóri lítur fyrst og fremst á sig sem málsvara ungmennisins og kemur til skila þeim ábendingum sem ungmennið og eða forsjáraðili hafa fram að færa varðandi þjónustu Klettabæjar. Kröfúlýsingin kveður á um í hvaða farveg athugasemdir, kvartanir og atvik skulu fara.

Í einstaklingsáætlun eru útfærð skýr og mælanleg markmið sem sett eru í samráði við ungmennið. Markmiðunum er fylgt eftir í reglulegum skýrslum Klettabæjar (mánaðarlegum hið minnsta) um hver framvindan er út frá hverju markmiði og árangur metinn. Kröfúlýsingunni er ætlað það hlutverk m.a. að stuðla að því að sjálfstæði ungmenna sé eflt og unnið sé að því að þau séu síður upp á aðra komin varðandi daglegar þarfir.

Hafnarfjarðarbær hefur ekki kortlagt séstaklega hvaða athafnir og ákvarðanir sem gripið er til í úrræðum Klettabæjar feli í sér þvingun og nauðung í skilningi barnaverndarlaga og laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011 (hér eftir lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk). Ljóst er að mikilvægt er að slík kortlagning liggi fyrir og verður skipaður þverfaglegur starfshópur á fjölskyldu- og barnamálasviði sem falið verður það hlutverk að útbúa verklagsreglur sem taka á framangreindu. Gæta þarf að því að við gerð slíkrar kortlagningar sé tekið tillit til þess á grundvelli hvaða laga börn/ungmenni eru vistuð í Klettabæ. Þá þarf einnig að horfa til þess að þrátt fyrir að settar verði almennar verklagsreglur þarf einnig að taka tillit til einstaklinganna sem búsettir eru í Klettabæ hverju sinni og að leitað sé til sérfræðiteymis samkvæmt 14. gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

Við gerð þjónustusamninga sem og einstaklings- og stuðningsáætlana er lagt mat á það hvaða sérhæfðu og þverfaglegu þjónustu börn/ungmenni sem vistuð eru í Klettabæ eiga rétt á lögum samkvæmt. Í þeim tilfellum þar sem ungmenni hafa verið vistuð í Klettabæ á vegum Hafnarfjarðarbæjar er í gildi samþætting um þjónustu í þágu farsældar barna og stuðningsteymi af þeim sökum virkt í máli barnsins. Í stuðningsteymi sitja þeir fagaðilar sem þjónusta barnið og er það mat Hafnarfjarðarbæjar að með því að hafa í gildi stuðningsáætlun sem endurskoðuð er með reglubundnum hætti auk reglulegra stöðuskýrslna sé stuðlað að því að þjónustubörf barnsins verði mætt með sem bestum hætti á meðan vistun stendur.

Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg hefur verið leitað samstarfs við Klettabæ og Barna- og fjölskyldustofu um að útbúa kynningarefni og bæklinga til afhendingar barna/ungmenna og fjölskyldna þeirra varðandi réttindi barna og ungmenna í vistun, rétt þeirra til kvartana auk upplýsinga um rétt til



Hafnarfjörður

að koma á framfæri ábendingum eða upplýsingum sem máli geta skipt fyrir það barn/ungmenni sem vistað er hverju sinni. Hafnarfjarðarbær mun óska eftir að umrætt kynningarefni standi börnum og ungmennum sveitarfélagsins einnig til boða. Núverandi fyrirkomulag er með þeim hætti að ungmennin sem vistuð eru á vegum Hafnarfjarðarbæjar í úrræðum Klettabæjar eiga reglulega fundi með málstjórum sínum þar sem ungmenni geta komið athugasemdum og kvörtunum á framfæri sem komið er í farveg af málstjóra. Fer það eftir efni kvörtunar hvert ferlið er; hvort funda þurfi innanhúss og finna leiðir til úrbóta, taka málið fyrir á meðferðarfundi eða hvort leiðbeint er um kæruleið s.s. til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála og úrskurðarnefndar velferðarmála.

Ef til greina kemur að vista barn utan heimilis er afstöðu barnsins ávallt aflað s.s. með aðstoð talmanns, lögmanns eða réttindagæslumanns. Ef upp kæmi sú staða að ungmenni er ósátt við vistun í Klettabæ eða ungmennið vill koma á framfæri sjónarmiðum sínum varðandi vistunina er það reynsla starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar að ungmennin hafi getað leitað til málstjóra með þær umvandanir sínar.

Fjölskyldu- og barnamálasvið Hafnarfjarðar leggur áherslu á að huga að velferð þeirra barna sem vistast utan heimils, í úrræði einkaaðila. Skýrsla Umboðsmanns Alþingis varpar ljósi á þá þætti sem þarf að bæta og hafa í huga til að velferð og öryggi þeirra barna sé sem best tryggt. Frá því skýrslan kom út hefur verið farið í markvissar aðgerðir með gerð kröfulýsingar og samninga um þjónustu úrræðisins. Þeir starfsmenn sviðsins sem koma að vistun barna eiga að fá kynningu og fræðslu á verklagi og þá hefur verið komið á fót teymi til að tryggja samræmi og faglega vinnslu þessara mála.

F.h. fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar

Guðlaug Ósk Gísladóttir

Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs